

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 116/2013

2013/EES/67/15

frá 14. júní 2013

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og
IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/13/ESB frá 12. janúar 2011 um tilteknar tegundir upplýsinga um lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti sem rekstraraðilar eiga að leggja fyrir aðildarríkin ⁽¹⁾.
- 2) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við á eftir lið 6b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/159/EB) í XVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„6c. **32011 D 0013**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/13/ESB frá 12. janúar 2011 um tilteknar tegundir upplýsinga um lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti sem rekstraraðilar eiga að leggja fyrir aðildarríkin (Stjtið. ESB L 9, 13.1.2011, bls. 11). ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Skráð hér eingöngu í upplýsingaskyni. Um beitingu sjá IV. viðauka um orku.“

2. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 44. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/335/ESB) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„45. **32011 D 0013**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/13/ESB frá 12. janúar 2011 um tilteknar tegundir upplýsinga um lífoldsneyti og fljótandi lífoldsneyti sem rekstraraðilar eiga að leggja fyrir aðildarríkin (Stjtið. ESB L 9, 13.1.2011, bls. 11).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/13/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 9, 13.1.2011, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.